



## NÁMSKEIÐ Í HREYFIMYNDAGERÐ Á VEGUM RIFF OG REYKJAVÍKURBORGAR

### Kæru leikskólar/leikskólasvið.

Í ár fer fram námskeið í hreyfimyndagerð á vegum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og Reykjavíkurborgar.

Í fyrra var kennt á einum degi í Norræna húsinu og var sá tími alltof stuttur.

Þess vegna viljum við breyta fyrirkomulaginu og hafa þetta þannig að við komum í þá leikskóla sem sýna þessu mestan áhuga, mest 6, og við eyðum heilum degi í hverjum skóla fyrir sig. **Hugmyndin er að við finnum 6 daga (einn fyrir hvern skóla) í lok ágúst og byrjun september.** Skólarinir kæmu þá með hugmyndir að því hvaða dagar henta þeim.

Á námskeiðinu læra kennarar og nemendur að vinna saman að gerð hreyfimyndar. Við gerð hreyfimyndarinnar þarf eitthvert efni til að vinna með á borð við leikföng eins og kubba, dúkkur, dýr eða bíla, efnisbúta, slæður, leir, eða úrklippur sem börnin geta notað við gerð hreyfimyndarinnar. Jafnvel mætti vera búið að mála bakgrunnsmyndir áður en við komum í skólann, eða hvaðeina sem hugarflugið býður.

Hreyfimyndin er gerð með því að hreyfa, skref fyrir skref, þann hlut, persónu eða form, mynd fyrir mynd og gefa þannig hlutum líf. Sniðugt er að vera með stórt blað og líti og teikna bakgrunn fyrir myndina. Myndin á að vera einföld og örstutt (1-3 min). Sjá má dæmi um hreyfimyndir á vefslóðunum:

<http://vimeo.com/alinoe/videos>

[Mio Mao](#)

[PES](#)

[Línan](#)

Umsjónarmaður RIFF kemur í viðkomandi skóla með fartölvu, myndavél og forritin sem þarf til að vinna myndirnar.

Að loknu námskeiði og eftirvinnslu, sem RIFF sér um, verða myndirnar **frumsýndar í Norræna húsinu, að öllum líkingum laugardaginn 24. september 2011, að viðstöddum foreldrum, kennurum og öðrum gestum og allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal.** Myndirnar munu svo rúlla áfram í svokölluðum Hreyfimyndakjallara sem verður opin almenningsi frá 24. sept og út hátíðina.

Umsjónarmaður Smiðjunnar munu svo sjá til þess að námskeiðið gangi snurðulaust fyrir sig og aðstoða leiðbeinendur og börnin við gerð myndanna og leggja lokahönd á þær tæknilega fyrir frumsýningu. Þeim umsjónarmönnum sem hafa áhuga á að halda áfram á braut hreyfimyndagerðarinnar heima í skóla munum við benda á lausnir og möguleika til þess.

Umsjónarmaður er **Mickaël Greco** hreyfimyndagerðarmaður og skipulag annast **Marteinn Þórsson**, kvikmyndagerðarmaður.

Virðingarfyllst,

Marteinn Þórsson  
talentlab@riff.is  
822-8958

